

28. fundargerð stýrihóps um byggingu nýs íþróttahúss

27. febrúar 2025 – kl. 8:15 í ráðhúsi Hornafjarðar

Mætt: Björgvin Óskar Sigurjónsson, Eyrún Fríða Árnadóttir, Sigurjón Andrésson.
Hjördís Edda Olgeirsdóttir kom inn á fundinn í stað Björgvins Erlendssonar.

Fundargerð ritaði: Þórgunnur Torfadóttir.

Dagskrá

1. Eftirfarandi erindi frá bæjarráði 21. janúar tekið fyrir. “Bæjarráð leggur til að minnisblað undir lið númer 8. á fræðslunefndarfundi frá 15. janúar *Parfaggreining vegna Grunnskóla Hornafjarðar* verði tekið til umræðu í stýrihóp um byggingu nýs íþróttahúss og að fulltrúar Grunnskólans, sviðstjóri fræðslu- og frístundasviðs ásamt sviðsstjóra mannvirkjasviðs sitji þann fund.”
Boðað verður til fundar með skólastjórnendum Grunnskóla Hornafjarðar og fulltrúum mannvirkja- og fræðslusviðs 4. apríl.
2. Erindi frá forstöðumanni íþróttamannvirkja tekið til kynningar og umfjöllunar. Í erindinu fer hann yfir rök fyrir því að byggja við frekar við gamla íþróttahúsið fremur en byggja stakstætt hús.
3. Kynningaráætlun vegna vinnsluhugmynda mannvirkjasviðs og fyrirkomulag samráðs. - Sigurjón fór yfir kynningarplan. Boðað verður til fjögurra kynningafunda fimmtudaginn 6. og föstudaginn 7. mars og þriðjudaginn 11. mars verður möguleiki að hafa fimmta fundinn. Öllum deildum Sindra ásamt aðalstjórn og stjórn USÚ boðið á fundi - mælst til þess að hver sendi 1-3 fulltrúa. Einnig verður fulltrúum úr velferðarnefnd, fræðslu og frístundanefnd, umhverfis og skipulagsnefnd, öldungaráði og ungmennaráði boðið á þessa fundi ásamt skólastjórnendum leik- og grunnskóla og fulltrúum frá FAS.

Næsti fundur miðvikudaginn 5. mars kl. 8:15.

